



1.6.2019
Norðurlandaráð
Ved Stranden 18
DK-1061 København K
Danmörk

Svar við skriflegri fyrirspurn (E 2/2019) frá Norðurlandaráði til norrænu ríkisstjórnanna um möguleika á árangursríkum aðgerðum gegn brota-starfsemi á vinnumarkaði.

Skrifleg fyrirspurn (E 2/2019) frá Christian Juhl (EL) í Norðurlandaráð til norrænu ríkisstjórnanna hljómar á þessa leið:

1) Norrænu ríkisstjórnirnar eru beðnar um að upplýsa um hvaða aðilar hafa aðgang að hvaða fyrirtækjaupplýsingum, til að mynda skrá, gagnagrunnum og yfirlitum um eftirfarandi málaflokka: 1) skattlagningu einstaklinga og fyrirtækja, 2) raunverulegt eignarhald á fyrirtækjum, 3) fyrirtækjareikninga, 4) gjaldþrot og gjaldþrotasögu með og án persónuupplýsinga, 5) greiðslur virðisaukaskatts og annarra gjalda og 6) skuldir til hins opinbera.

2) Ríkisstjórnirnar eru enn fremur beðnar um að upplýsa um hvaða aðilar hafa aðgang að hvaða skrá – hér er einkum óskað eftir upplýsingum um aðgang eftirfarandi aðila: 1) almennings, 2) opinberra stofnana, 3) lögmannna, 4) innheimtufyrirtækja, 5) fjármálastofnana, 6) upplýsinga-fyrirtækja um lánshæfi, 7) opinberra yfirvalda auk 8) stefndra og skuldara.

Svar Svíþjóðar við fyrirspurninni

Lög um upplýsinga- og trúnaðarskyldu og upplýsingaskipti milli opinberra yfirvalda

1. gr. í 8. kafla laga um upplýsinga- og trúnaðarskyldu (SFS 2009:400) kveður á um að trúnaðarskylda ríki milli yfirvalda í Svíþjóð. Í því felst að ekki er hægt að afhenda öðrum yfirvöldum trúnaðargögn ef engin ákvæði um rof trúnaðarskyldu heimila það. Það er mismunandi eftir yfirvöldum hvaða lagareglur um rof trúnaðarskyldu eiga við, en 2. og 27. gr. í 10. kafla fela í sér ákvæði um rof trúnaðarskyldu sem gilda um öll yfirvöld.

Að lokinni prófun geta yfirvöld að eigin frumkvæði eða beiðni annarra afhent upplýsingar til annarra yfirvalda í samræmi við svonefnt almennt ákvæði í 27. gr. 10. kafla. Yfirvöld túlka sjálf hvernig almennu ákvæði skuli beitt í tilteknu máli á starfssviði þeirra, en ákvæðinu má eingöngu beita ef ljóst þykir að hagsmunir sem felast í afhendingin vegi þyngra en hagsmunir þeirra sem trúnaðarskyldan á að vernda. Þá er ljóst að eingöngu er hægt að vísa til hins almenna ákvæðis í einstaka málum en ekki almennt í samskiptum milli yfirvalda.

Sú trúnaðarskylda sem kveðið er á um í 2. gr. 10. kafla kemur ekki í veg fyrir að yfirvöld afhendi öðrum yfirvöldum upplýsingar ef nauðsyn krefur til þess að síðarnefndu yfirvöldin geti sinnt störfum sínum. Markmiðið með ákvæðinu er að koma í veg fyrir að reglur um trúnaðarskyldu geri það að verkum að yfirvöld og starfsfólk þeirra geti ekki sinnt verkefnum sem umræddum yfirvöldum er ætlað að leysa. Þessir hagsmunir ráða úrslitum fyrir þau yfirvöld

sem afhenda upplýsingar en ekki hagsmunir annarra yfirvalda í því að afla upplýsinganna. Ákvæðinu ber að framfylgja með varúð en því skal beitt til að mynda þegar saksóknari í yfirstandandi málsrannsókn telur að framvinda rannsóknarinnar kalli á skattarannsókn.

Upplýsinga- og trúnaðarskylda skattafirvalda

- Upplýsingar skattafirvalda eru yfirleitt háðar trúnaðarskyldu.
- Úrskurðir eru þó yfirleitt opinberir.
- Ákveðnar trúnaðarupplýsingar er í ákveðnum tilvikum hægt að afhenda ákveðnum og tilteknum yfirvöldum eða öðrum sérstaklega tilteknum aðilum í ákveðnum og tilteknum tilgangi.
- Aðili að málaferlum eða dómsmáli á yfirleitt rétt á innsýn í gögn sem skipta máli fyrir málaferlin eða dómsmálið.
- Ákvæði um trúnaðarskyldu skattafirvalda er m.a. að finna í 27. kafla laga um upplýsinga- og trúnaðarskyldu (2009:400).
- Ákvæði um afhendingu upplýsinga og hvernig þeirri afhendingu skuli háttáð er m.a. að finna í lögum (2001:181) um meðferð upplýsinga skattafirvalda og reglugerð (2001:588) um sömu mál.

Aðalheimild upplýsinga

Stór hluti þeirra upplýsinga sem Norræna ráðherranefndin falast eftir eru opinberar í Svíþjóð. Ýmis yfirvöld sjá um að uppfæra skjalasöfn á sínum sviðum en hvergi er sameiginlegt skjalasafn sem ríkið hefur umsjón með og veitir yfirvöldum, fyrirtækjum og almenningi aðgang að.

Hér á eftir er samantekt á yfirvöldum sem færa skrá yfir upplýsingar á þeim sviðum sem spurt er um. Sumar upplýsingar er að finna á vefsíðum viðkomandi yfirvalda en aðrar er hægt að nálgast með því að hafa samband við yfirvöld.

Beinir og óbeinir skattar ásamt ákveðnum gjöldum

Upplýsingar	Aðili
Auðkenni einstaklings, ríkisfang, heimilisfang og fjölskyldustaða	Skatteverket
Auðkenni lögaðila, eignarhald og prókúruhafi og aðrir fulltrúar	Skatteverket
Skráning fyrir skatta og gjöld	Skatteverket
Gögn til að ákvarða skatta og gjöld	Skatteverket
Úrskurður um skatta og gjöld	Skatteverket
Gögn fyrir fasteignamat o.fl.	Skatteverket

Eignarhald á fyrirtækjum

Upplýsingar	Aðili
Fasteignaupplýsingar, þinglýsingar o.þ.h.	Lantmäteriet
Hlutafélög	Bolagsverket
Stjórn, framkvæmdastjóri o.fl. í hlutafélagi	Bolagsverket
Endurskoðendur hlutafélags	Bolagsverket
Atburðasaga í upplýsingum um hlutafélög	Bolagsverket
Viðskipta- og hlutafélög; Fyrirtæki, heimilisfang o.fl.	Bolagsverket og Statistiska Centralbyrån
Viðskipta- og hlutafélög: Ný og afskráð, prókúruhafi, meðeigendur, önnur fyrirtæki, dótturfyrirtæki	Bolagsverket
Lögaðili/eitt fyrirtæki: nafn og heimilisfang	Bolagsverket
Fasteignir	Bolagsverket
Bann við atvinnurekstri, Héraðsdómur	Bolagsverket
Hjúskaparsáttmáli	Skatteverket
Leyfi til atvinnuaksturs	Transportstyrelsen

Fyrirtækjareikningar

Upplýsingar	Aðili
Ársreikningar hlutafélaga	Bolagsverket
Ársreikningar fyrirtækjasamsteypa	Bolagsverket

Gjaldþrot og gjaldþrotasaga með og án persónuupplýsinga

Upplýsingar	Aðili
Kröfuhafar vegna gjaldþrots (ótryggðar kröfur í þrotabú)	Skiptastjóri / eftirlitsstofnun
Gjaldþrot og skiptastjóri	Kronofogden (Innheimtustofnun sænska ríkisins) (eftirlitsstofnun), héraðsdómur og Bolagsverket/Post- och Inrikes Tidningar
Athugasemdir; gjaldþrotsbeiðnir	Héraðsdómur
Þrotabússtjóri	Héraðsdómur, Bolagsverket/Post- och Inrikes Tidningar

Skuldir til hins opinbera

Upplýsingar	Aðili
Ógreiddir skattar og gjöld	Kronofogden (Innheimtustofnun sænska ríkisins) afhendir upplýsingar til fyrirtækja með leyfi til að vinna með fjárhagsupplýsingar.
Athugasemdir; tredskodom (dómsúrskurður án aðkomu hins ákærða)	Héraðsdómur
Greiðslukröfur	Kronofogden (Innheimtustofnun sænska ríkisins) afhendir upplýsingar til fyrirtækja með leyfi til að vinna með fjárhagsupplýsingar.
Tilraunir til fjárnáms	Kronofogden (Innheimtustofnun sænska ríkisins) afhendir upplýsingar til fyrirtækja með leyfi til að vinna með fjárhagsupplýsingar.
Upphæð skuldar	Kronofogden (Innheimtustofnun sænska ríkisins)
Skuldaniðurfærsla	Kronofogden (Innheimtustofnun sænska ríkisins)
Umhverfisviðurlög	Kammarkollegiet
Frestun tollgreiðslu	Tullverket

Svar Finnlands við fyrirspurninni

Á vinnumálasviði eru það vinnuverndaryfirvöld í Finnlandi sem gegna eftirlitsskyldu og er þeim heimilt að afla allra mikilvægra upplýsingum frá atvinnurekanda um aðstæður á vinnustað og ráðningarkjör starfsmanns. Vinnuverndaryfirvöldum er einnig heimilt að afla upplýsinga hjá öðrum yfirvöldum sem þeim eru nauðsynlegar til að sinna eftirlitsskyldu sinni þrátt fyrir ákvæði um trúnaðarskyldu. Í aðgerðum vinnuverndaryfirvalda gegn gráa hagkerfinu er þeim einnig heimill aðgangur að ítarlegum skýrslum sem innihalda upplýsingar um hvernig fyrirtækin gegna samfélagslegum skyldum sínum sem koma frá þeirri skrifstofu skattýfirvalda sem rannsakar gráa hagkerfið.

Samkvæmt lögum um opinbera þjónustu á sviði vinnumála og atvinnulífs (916/2012) er skrifstofum vinnumála og atvinnulífs, þjónustumiðstöðvum vinnumála- og atvinnulífsyfirvalda, miðstöðvum atvinnulífs, samgöngu- og umhverfismála, þróunar og stjórnsýslumiðstöðvum annars vegar atvinnulífs-, samgöngu- og umhverfismálamiðstöðvanna og hins vegar vinnumála- og atvinnulífsmiðstöðvanna heimilt án tillits til ákvæða um trúnaðarskyldu og aðrar takmarkanir að afla sér upplýsinga án endurgjalds hjá öðrum ríkisyfirvöldum og sveitarfélögum, félagstryggingastofnun, atvinnuleysistryggingasjóðum, lífeyrismálastofnun, atvinnuleysistryggingastofnun, þeim aðilum sem annast opinbera þjónustu á sviði vinnumála og atvinnulífs og þeim sem hafa umsjón með starfsmati ef umræddar upplýsingar eru þeim nauðsynlegar til að geta sinnt opinberri þjónustu á sviði vinnumála og atvinnulífs.

Til þess að geta sinnt opinberri þjónustu á sviði vinnumála og atvinnulífs starfrækja miðstöðvar á sviði vinnumála og atvinnulífs upplýsingakerfi sem halda utan um viðskiptavini. Upplýsingakerfið inniheldur skrár yfir alla viðskiptavini, atvinnurekendur og þjónustuveitendur. Markmiðið með lögum um upplýsingakerfi um viðskiptavini fyrir fyrirtækjaþjónustu (293/2017) er að greiða fyrir samnýtingu upplýsinga um viðskiptavini innan opinberrar stjórnsýslu og bæta opinbera þjónustu við atvinnulífið sem er rekin fyrir opinbert fé og gera samhæfingu og eftirlit með þeim skilvirkari. Upplýsingakerfi um viðskiptavini fyrir þjónustu við atvinnulífið er í tölvukerfi vinnumála- og atvinnulífsráðuneytisins, en þar skrá yfirvöld sem sinna þjónustu við atvinnulífið, fjármögnunarsjóður ríkisins, Business Finland Ab og stofnanir sem veita styrki til byggðaþróunar upplýsingar um sína viðskiptavini sem allir þessir aðilar geta nýtt sameiginlega. Þá geta önnur yfirvöld skráð opinberar upplýsingar um viðskiptavini í upplýsingakerfið og unnið með þær.

Í upplýsingakerfinu um viðskiptavini eru skráðar opinberar upplýsingar um fyrirtæki. Í upplýsingakerfinu um viðskiptavini er einnig hægt að skrá:

- 1) upplýsingar um þjónustu sem veitt hefur verið umræddu fyrirtæki;
- 2) upplýsingar um leyfi sem fyrirtækið hefur sótt um eða fengið;
- 3) upplýsingar um hvort fyrirtæki fær eða hefur fengið styrki frá fjármögnunarsjóði ríkisins;
- 4) mat á hæfi fyrirtækisins til atvinnureksturs;
- 5) upplýsingar um fyrirtæki sem færðar eru inn í fjárhagsupplýsingaskrá, skrá yfir gjaldþrot og niðurfærslu skulda og nauðungaskrá;
- 6) upplýsingar um áform fyrirtækisins um viðskiptaþróun;
- 7) aðrar fyrirtækjaupplýsingar en þær nefndar eru í 1.–6. lið og sem nauðsynlegar eru þegar tekin er ákvörðun um að veita eða greiða styrki eða fjárveitingar, í þeim tilgangi að geta fylgst með notkun fjáris og veitt fyrirtækinu þjónustu.

Í kerfið er einnig hægt að skrá:

- 1) persónuupplýsingar um ábyrgðarmann fyrirtækis;
- 2) persónuupplýsingar um einstaklinga sem fyrirtækið hefur tilnefnt sem tengiliði fyrir þjónustu hins opinbera sem kveðið er á um í þessum lögum að undanskildum persónulegum auðkennum;
- 3) upplýsingar um ábyrgðarmenn fyrirtækis sem færðar eru inn á fjárhagsupplýsingaskrá, skrá yfir gjaldþrot og niðurfærslu skulda, nauðungaskrá og skrá yfir bann við atvinnurekstri;
- 4) upplýsingar um ráðgjöf í málum sem varða stofnun atvinnureksturs eða aðra þjónustu sem veitt hefur verið einstaklingi ásamt persónuupplýsingum um einstakling sem hefur fengið þess háttar þjónustu.

Persónuupplýsingar eru nafn, auðkenni, móðurmál, ríkisfang, búsetuland, búsetusveitarfélag, heimilisfang, netfang og símanúmer.

Markmiðið með launatryggingarlögunum (866/2998) er að tryggja launagreiðslur til starfsmanna sem miðast við starfskjör hans ef atvinnurekandinn verður gjaldþrota. Vinnumála- og atvinnulífsráðuneytið sér um framkvæmd laganna og þróun launatryggingakerfisins. Miðstöð atvinnulífs, samgöngu- og umhverfismála tekur ákvarðanir í launatryggingamálum og sinnir öðrum málum sem varða framkvæmd laganna.

Atvinnurekanda er skylt að láta miðstöð atvinnulífs, samgöngu- og umhverfismála í té upplýsingar sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar laganna og er miðstöðinni heimilt að sannreyna gildi gagnanna í bókhaldi atvinnurekendans. Lögregluþingvöldum er skylt að veita aðstoð ef þörf krefur til þess að afla umræddra upplýsinga.

Miðstöð atvinnulífs, samgöngu- og umhverfismála er heimilt óháð ákvæðum um trúnaðarskyldu og öðrum takmörkunum á öflun eða afhendingu upplýsinga að afla sér upplýsinga án endurgjalds, sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar á þessum lögum, frá skattyfirvöldum, þrotabúsyfirvöldum, vinnuverndaryfirvöldum, tryggingastofnun, lífeyrismálastofnun, lífeyrisjóðum, atvinnuleysistryggingasjóðum og miðstöðvum vinnumála- og atvinnulífs. Miðstöðinni er heimilt að afla sér upplýsinganna með tæknibúnaði eða rafrænt.

Miðstöð atvinnulífs, samgöngu- og umhverfismála er heimilt að afla sér upplýsinga sem nauðsynlegar eru til afgreiðslu launatryggingamála, einnig frá yfirvöldum sem annast launatryggingamál í öðrum aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Miðstöð atvinnulífs, samgöngu- og umhverfismála er heimilt óháð ákvæðum um trúnaðarskyldu og öðrum takmörkunum á öflun eða afhendingu upplýsinga að afhenda yfirvöldum sem annast launatryggingamál í öðru aðildarríki Evrópusambandsins upplýsingar sem nauðsynlegar eru til afgreiðslu mála um launatryggingar sem hófust þar í landi.

Svar Noregs við fyrirspurninni

Norska ríkisstjórnina kynnti árið 2015 stefnu gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Stefnan hefur verið endurskoðuð og uppfærð margsinnis, nú síðast í febrúar 2019. Áherslusvið og aðgerðir stefnunnar voru mótuð í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Góð skráningarkerfi fyrir upplýsingar um launafólk og fyrirtæki eru nefnd á mörgum sviðum í stefnu ríkisstjórnarinnar. Eitt helsta markmiðið er að greiða fyrir skilvirku samstarfi milli ólíkra opinberra yfirvalda, þar á meðal gæðatryggingu upplýsinga í opinberum skráum og að yfirvöldum gefist kostur á að skiptast á upplýsingum.

Annað mikilvægt svið stefnunnar varðar opinber innkaup. Unnið er að undirbúningi opinberrar þjónustu með heitinu eBevis, sem á að veita opinberum samningsyfirvöldum aðgang á rauntíma að gögnum í opinberum skráum með upplýsingum um fyrirtæki, gjaldþrot og fyrirtækjareikninga ásamt upplýsingum um greiðslur skatta og virðisaukaskatts. Þetta mun greiða fyrir eftirliti með því að opinberir birgjar hlýði opinberum reglum.

Verið er að meta hvort hægt sé að gera þá þjónustu aðgengilega einnig fyrir opinber eftirlitsyfirvöld í starfi þeirra, jafnframt hvor almennir neytendur eigi að fá aðgang að kerfinu og komast að því á einfaldan hátt hvort um heiðarlega birgja er að ræða.

Við höfum eftirfarandi svör við því sem spurt er um skráningarkerfi fyrir fyrirtækjaupplýsingar:

1. Skattar einstaklinga og fyrirtækja

Skattaskár eru opnar almenningi. Þær innihalda upplýsingar sem allir geta leitað í um skattskyldar tekjur og skattaálagningu. Fólk sem leitar eftir upplýsingum í kerfinu skilur eftir sig rafrænt fótspor. EVRY er sá aðili sem miðlar upplýsingum skattýfirvalda til stærri notendahópa, til að mynda fjárhagsupplýsingafyrirtækja og fjölmiðla.

Skattýfirvöld hafa einnig lausn (lánaumsókn byggð á samþykki) þar sem skattgreiðendur geta veitt samþykki til þess að bankar og fjármálastofnanir fái aðgang að upplýsingum úr skattskýrslum og gögnum þar að lútandi ásamt launaupplýsingum undanfarinna mánaða.

2. Raunverulegt eignarhald á fyrirtækjum

Ný lög hafa verið samþykkt um skrá yfir raunverulega réttthafa en þau hafa ekki enn tekið gildi. Lagt hefur verið til að sú skrá verði í svonefndu Brønnøysund-skráningarkerfi. Þegar skráin er komin á laggirnar verða upplýsingarnar opinberar einnig fyrir viðkomandi eftirlitsyfirvöld.

3. Upplýsingar um fyrirtækjareikninga

Fyrirtækjareikningaskráin í Brønnøysundskránum innihalda ársreikninga, athugasemdir, ársskýrslur og skýrslur endurskoðanda fyrir öll fyrirtæki sem eru skyldug til þess. Tilkynningaskyld fyrirtæki skulu árlega skila þess háttar upplýsingum áður en mánuður er liðinn frá aðalfundi eða sambærilegum fundi. Fyrirtækjareikningarnir eru aðgengilegir í tíu ár. Ársreikningar sem berast eru tilkynntir þegar þeir hafa verið skráðir. Þess ber að geta að margar upplýsingar úr Regnskapsregistret eru birtar opinberlega á síðum sem eru reknar í viðskiptaskyni, til að mynda purehjelp.no og proff.no.

4. Gjaldþrot og gjaldþrotasaga

Konkursregisteret (Gjaldþrotaskráin), sem rekin er af skráningardeildinni í Brønnøysund, inniheldur ýmsar upplýsingar um gjaldþrot, meðal annars um skuldarann, og ef skuldarinn er félag þá um daglegan stjórnanda, eigendur og stjórnarmenn. Ennfremur þurfa að vera upplýsingar um skiptastjórn, þrotabú og skuldastöðu, hvort skiptastjóri hafi sent tilkynningu til ákærvaldsins og hvort gjaldþrota einstaklingi sé bannað að stunda atvinnurekstur.

Allir geta leitað til Konkursregistret og nálgast fjölda upplýsinga, meðal annars um einstaklinga, fyrirtæki, sjóði og önnur félög sem hafa orðið gjaldþrota. Aðrar upplýsingar er eingöngu hægt að veita dómstólum, lögreglu- og ákærufyrvaldi, skiptastjórum þrotabúa, fjármálaeftirlitinu, skattýfirvöldum og þeim sem upplýsingarnar varða.

5. Greiðslur virðisaukaskatts og annarra gjalda

Greiðendur skatta og gjalda geta sjálfir nálgast skattavottorð eða veitt skattyfirvöldum umboð til að afhenda tilteknum fyrirtækjum upplýsingarnar, sbr. reglur um opinber innkaup.

Í Noregi eru gefin út tvenns konar skattavottorð:

- 1) Almennt skattavottorð. Sem inniheldur upplýsingar um vangoldna skatta og gjöld (tekju-skatt, virðisaukaskatt og launaskatta).
- 2) Aukið skattavottorð. Sem inniheldur upplýsingar sem veittar eru gegn umboði og sýna nánari upplýsingar um virðisaukaskatt, vangoldna skatta og gjöld sem fallin eru í gjalddaga ásamt skráðum verkefnum til erlendra félaga, í samræmi við 7.-6. gr. í skattalögum.

6. Skuldir til hins opinbera

Noregur starfrækir ekki gagnagrunna eða aðrar skrár yfir skuldir atvinnurekenda til hins opinbera.

Skattyfirvöld sér um ýmsar höfuðbækur þar sem er að finna flestar skuldir til hins opinbera. Ekki er um opinberar upplýsingar að ræða en þær birtast sem skuldir í skattskýrslu skattgreiðanda.

Nýlega gengu í gildi lög um skuldaupplýsingar sem gefa einkaaðilum kost á að sækja um leyfi til að reka innheimtufyrirtæki. Gildir það um neysluskuldir einstaklingar og inniheldur ekki upplýsingar um skuldir til hins opinbera, námslán, fasteignalán eða bifreiðalán.

Svar Íslands við fyrirspurninni

Á Íslandi skilaði samstarfshópur Félags- og barnamálaráðherra skýrslu um félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði í janúar 2019.

Hópurinn lagði áherslu á eftirfarandi tillögur sem lagðar verða til grundvallar í næstu skrefum stjórnvalda til að sporna við hvers konar glæpum á vinnumarkaði:

1. Brýnasta verkefnið er að taka á kennitölufлакki á skilvirkan hátt. Lagðar verði til grundvallar sameiginlegar tillögur Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands, svo og tillögur Ríkisskattstjóra. Í tillögunum er m.a. kveðið á um heimild til að setja forsvarsmenn fyrirtækja í tímabundið bann við þátttöku í stjórnun félaga með takmarkaða ábyrgð við tilteknar aðstæður (atvinnurekstrarbann), og auk þess er skerpt á fjölmörgum öðrum atriðum.
2. Komið verði upp föstum samráðshópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem beri ábyrgð sameiginlegri stefnumótun um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.
3. Þau stjórnvöld sem fara með valdheimildir á vinnumarkaði (Lögreglan, Ríkisskattstjóri, Vinnueftirlitið, Vinnumálastofnun) geri með sér formlegt samkomulag um skipulegt samstarf gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Formbundin verði reglulegt samráð og samstarf þessa samstarfsvettvangs við aðila vinnumarkaðarins um stöðumat, greiningu og sameiginlegt vinnustaðaeftirlit.
4. Útfært verði hvernig megi fyrirbyggja alvarleg og/eða ítrekuð brot gegn starfsmönnum með því að útvíkka refsíábyrgð lögaðila og fyrirsvarsmanna.
5. Stjórnvöldum verði veittar lagaheimildir til að taka á brotastarfsemi, m.a. með þvingunarúrræðum og stjórnvaldsviðurlögum.

6. Sett verði skylda til keðjuábyrgðar í lög um opinber innkaup.
7. Komið verði í veg fyrir brotastarfsemi á vinnumarkaði undir formerkjum starfsnáms eða sjálfbodaðastarfsemi og markaður skýr rammi um hvað skuli heimilað undir þeim formerkjum.
8. Kortlagðar verði með skipulegum hætti þær lagaheimildir sem stjórnvöld og aðilar vinnu- markaðarins hafa til að skiptast á gögnum og upplýsingum og gefin út handbók fyrir starfsmenn um sameiginlegan vettvang. Veittar verði viðbótarlagaheimildir eins og tilefni kunna að verða til.
9. Tryggð verði viðeigandi aðstoð og vernd fyrir fórnarlömb vinnumansals og nauðungar- vinnu. Aðgerðaráætlun gegn mansali liggi fyrir og að henni sé framfylgt. Endurskoðuð verði skilgreining á mansali, sett í lög bann við nauðungarvinnu og refsíákvæði til að tryggja skilvirka framkvæmd.
10. Bætt verði verulega upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna, t.a.m. með stofnun ráðgjafar- stofu og aukinni upplýsingagjöf á vefnum. Einnig verði skipulögð upplýsingagjöf til atvinnurekenda um starfskjör.

Eftirfarandi reglur gilda um það hvaða upplýsingar eru aðgengilegar mismunandi aðilum í íslensku samfélagi:

Skattlagning einstaklinga og fyrirtækja

Ríkisskattstjóri hefur með höndum álagningu opinberra gjalda og annarra skatta og gjalda og annast skatteftirlit. Skattframtöl einstaklinga eru ekki aðgengileg almenningi.

Opinberar stofnanir geta kallað eftir upplýsingum um tekjur einstaklinga (staðgreiðslu) og skil fyrirtækja á sköttum og opinberum gjöld í lögmætum tilgangi og við eftirlitsstörf hafi þau lagaheimild til þess.

Raunverulegt eignarhald á fyrirtækjum

Ríkisskattstjóri starfrækir fyrirtækjaskrá. Fyrirtækjaskrá geymir upplýsingar um einstaklinga, félög og aðra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Ríkisskattstjóri skal veita opinberum aðilum, fyrirtækjum og almenningi upplýsingar úr fyrirtækjaskrá. Með samningi við ríkisskattstjóra getur fyrirtæki eða stofnun fengið rafrænt afrit af gagnagrunni fyrirtækjaskrár til eigin nota og/eða miðlunar tiltekinnar upplýsinga úr skránni til annarra.

Opinberar stofnanir geta fengið þessar upplýsingar hjá fyrirtækjaskrá eða gegnum Creditinfo sem er einkarekið þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í miðlun fjárhags og viðskiptaupplýsinga.

Fyrirtækjareikningar

Ríkisskattstjóri heldur úti ársreikningaskrá. Ársreikningaskrá er starfrækt í því skyni að taka á móti, varðveita og veita aðgang að skilaskyldum gögnum ásamt því að hafa eftirlit með að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og settra reikningsskilareglna.

Almenningur hefur aðgang að ársreikningum á skrifstofu ríkisskattstjóra, en hægt er að fá ljósrit af ársreikningum gegn gjaldi. Opinberar stofnanir hafa jafnframt aðgang að ársreikningaskrá í gegnum ríkisskattstjóra eða gegnum Creditinfo.

Gjaldþrot og gjaldprotasaga

Ríkisskattstjóri heldur utan um þau fyrirtæki sem verða gjaldþrota og uppfærir sinn gagnagrunn. Creditinfo heldur jafnframt utan um þessar upplýsingar og geta einstaklingar og fyrirtæki keypt aðgang að þessum upplýsingum gegnum kerfi Creditinfo.

Greiðslur virðisaukaskatts og annarra gjalda

Ríkisskattstjóri heldur utan um skil á virðisaukaskatti sem og innheimtu hans. Opinberar stofnanir geta kallað eftir upplýsingum um greiðslu virðisaukaskatts og annarra gjalda í lögmætum tilgangi og við eftirlitsstörf hafi þau lagaheimild til þess. Almennigur hefur ekki aðgang að umræddum gögnum.

Skuldir til hins opinbera

Ríkisskattstjóri hefur upplýsingar um skuldir vegna skatta og opinbera gjalda bæði hjá einstaklingum og lögaðilum. Þessar upplýsingar eru almennt ekki opinberar. Einstaklingar geta þó fengið upplýsingar um sínar skuldir. Opinberar stofnanir geta kallað eftir upplýsingum um greiðslu virðisaukaskatts og annarra gjalda í lögmætum tilgangi og við eftirlitsstörf hafi þau lagaheimild til þess.

Svar Danmerkur við fyrirspurninni

Vegna kosninga til þjóðþingsins 5. júní er Danmörku ekki kleift að taka þátt í sameiginlegu svari sem íslenski ráðherrann um norræna samvinnu sendir fyrir hönd norrænu ríkisstjórnanna til Christians Juhl.